

# Öryggishandbók

Í Barnaborg skal tryggja börnum örvandi og öruggt umhverfi. Í starfinu er stuðst við Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014. Öryggi barna er einnig tengt viðbrögðum gegn einelti.

Starfsfólk Barnaborgar er meðvitað um að einelti geti átt sér stað í leikskóla og ræðir samskipti og líðan barna á hverjum starfsmannafundi. Á starfsmannafundum er einnig rætt um útisvæði leikskólans sem og húsnæðið. Þar metur starfsfólk hvar mestar líkur virðast á að börn hnjóti eða meiði sig á annan hátt og ákveður hvernig þurfi að fylgjast með og bregðast við. Upplýsingum um það er komið til skólustjóra og húsvarðar.

**Mætingarlisti** þar sem börnin eru skráð inn og út er staðsettur á torgi skólans. Lögð er áhersla á að starfsfólk viti alltaf réttan fjölda barna í leikskólanum, bæði úti og inni. 11

**Neyðarkort** með upplýsingum um hvert barn eru staðsett á hillu á torgi. Upplýsingar um símanúmer foreldra hanga á vegg á torgi.

**Sérstakar upplýsingar um ofnæmi og lyf** eru geymd á ákveðnum stað og kynnt starfsfólki leikskólans.

## Slys

Ef slys ber að höndum skal alltaf byrja á því að meta aðstæður og í verri tilvikum koma hinum börnunum út úr aðstæðunum og ræða við þau um það sem gerðist. Starfsfólk leitast alltaf við að halda ró sinni.

**Minniháttar slys** eru slys þar sem börnin t.d. detta eða rispa sig lítillaga og nóg er að þrifa, kæla og hugga. Foreldrar fá upplýsingar í lok dags. Kælipoki er staðsettur í ísskáp. Sjúkrakassi er í neðstu hillu við hliðina á ísskáp.

**Meiri áverkar:** Ef barn hlýtur meiri áverka skal hafa samband við foreldra. Til dæmis högg á tennur, handleggsbrot eða vægt höfuðhögg. Í þessum tilfellum fara foreldrar sjálfir með barnið til læknis ef þörf er á.

**Alvarleg slys:** Við alvarleg slys, svo sem fótbrott, slæm höfuðhögg og hálsáverka er hringt strax í 112 og síðan í foreldra. Ef um hálsáverka er að ræða skal athuga hvort barnið dofnað upp með því að strjúka yfir lófa þess eða iljar með t.d. nál til að athuga hvort það finni fyrir því. Alls ekki má hreyfa barnið ef það finnur ekki fyrir neinu.